




Mannauðsstefna
Akraneskaupstaðar

ÁGÆTA SAMSTARFSFÓLK




Mannauðsstefna Akraneskaupstaðar er nú komin í viðhafnarbúning en hún var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 14. júní 2016. Það var góður hópur starfsmanna sem vann að mótun stefnunnar undir forystu Sigríðar Indriðadóttur forseta bæjarstjórnar sem jafnframt hefur margra ára reynslu sem mannauðsstjóri.

Gildi Akraneskaupstaðar voru leiðarstef í vinnunni en þau eru jákvæðni, metnaður og víðsýni. Gildin urðu ekki til af tilviljun. Þau eru sprottin upp úr jarðveginum sem við finnum fyrir daglega hjá starfsfólki Akraneskaupstaðar. Þessi faglegi metnaður til að gera alltaf betur og betur. Einnig þessi starfsgleði sem er svo smitandi og umburðarlyndið og viljinn til að horfa á hlutina með nýjum augum.

Ég vil þakka okkar góða starfsfólki sem vann að undirbúningi mannauðsstefnunnar og einnig þeim sem settu hana í þennan fallega búning til að gera hana aðgengilega öllum starfsmönnum kaupstaðarins.

Það er svo sameiginlegt verkefni okkar allra að framfylgja mannauðstefnu Akraneskaupstaðar þannig að hún nýtist sem leiðarljós en ekki síður sem öflugt verkfæri í daglegu starfi. Við vinnum nefnilega öll að sama markmiðinu og það er að veita bæjarbúum framúrskarandi þjónustu.

Kær kveðja,
Regína Ásvaldsdóttir



RÁÐNINGAR OG NÝLIÐUN



Starfsfólk er ráðið á grundvelli reynslu, hæfni og menntunar í samræmi við faglegt ferli og vandaða stjórnsýsluhætti.



Stefnt skal að því að til séu starfslýsingar fyrir öll störf hjá Akraneskaupstað.



Launakjör eru í samræmi við gildandi kjarasamninga og jafnræðis er gætt við launasetningu.



Vel er tekið á móti nýju starfsfólki og fær það þjálfun og fræðslu við hæfi.

RÉTTINDI, SKYLDUR OG STARFSLOK



Kveðið er á um réttindi og skyldur í kjarasamningum starfsfólks og unnið er faglega að úrlausn mála sem upp kunna að koma.



Staðið er að starfslokum í samræmi við faglegt ferli og góða stjórnsýsluhætti.



Starfsfólki, sem lætur af störfum vegna aldurs, er boðið upp á sérstaka fræðslu í tengslum við starfslok.



Hver starfsmaður gætir þess að haga störfum sínum í samræmi við siðareglur starfsmanna Akraneskaupstaðar sem og aðrar siðareglur sem kunna að eiga við.



GILDI OG MENNING



Starfsfólk og stjórnendur hafa gildi Akraneskaupstaðar, jákvæðni, metnað og víðsýni að leiðarljósi í daglegum störfum.




Lögð er áhersla á upplýsingamiðlun og góða samvinnu á milli starfsfólks og vinnustaða.



Vinnustaðamenning stofnana Akraneskaupstaðar byggir á mannréttindum, jákvæðni og virðingu í samskiptum þar sem hæfileikar hvers og eins fá notið sín.



Stjórnendur búi yfir leiðtogaþæfni, skapa jákvætt og hvetjandi vinnuumhverfi og stuðla að uppbyggilegri endurgjöf.



STARFSÞRÓUN



Starfsfólk fær tækifæri til að efla hæfni sína með viðeigandi fræðslu og þjálfun.




Árlegar símenntunaráætlanir taka mið af faglegri stefnu og markmiðum hvers vinnustaðar.



Lögð er áhersla á miðlun þekkingar milli starfsfólks og vinnustaða og er þekking starfsfólks kortlögð með markvissum hætti.



Starfsmannasamtöl fara fram á hverjum vinnustað að minnsta kosti einu sinni á ári.



UMHVERFI OG HEILSA



Boðið er upp á hvetjandi og öruggt starfsumhverfi.



Áhersla er lögð á forvarnir og viðbrögð í tengslum við heilsu og líðan starfsfólks.




Unnið er markvisst að vinnuverndarmálum í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.



Vinnustaðargreining er gerð reglulega á öllum vinnustöðum með það að markmiði að greina styrkleika og tækifæri til úrbóta varðandi starfsumhverfi og líðan starfsfólks.



Vinnustaðir Akraneskaupstaðar eru fjölskylduvænir og lögð áhersla á að jafnvægi ríki á milli vinnu og einkalífs.



Bæklingur þessi um Mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar er gefinn út í nóvember 2016 // vefútgáfa á www.akranes.is
Umbrot og hönnun: Bjarni Helgason Nothing.is

Mannauðsstefna Akraneskaupstaðar var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 14. júní 2016